


TÍMAHYLKIÐ

TÍMAHYLKIÐ Í TÍÐ KÓRÓNUNNAR



Páskafri á Eyrinni

SVALA EINARSDÓTTIR

Segja má með sannri að það hafi verið óvenju mikið líf hér á Eyrinni í páskafriinu. Margir t.d. í göngutúrum, hjólandi og í fjöruferð, ungir sem aldnir og heilu fjölskyldurnar oftast en ekki saman. Þó ekki væri hægt að fara í heimsóknir hitti maður samt marga í útivistinni og gat hún dregist langt fram á dag þessa bestu daga, bæði sökum veðurs og ekki síður vegna félagsskaparins. Gaman var að sjá allt þetta líf og greinilega komu líka margir að til útiveru í fallegu fjöruna okkar. Kannski rokseljast nýju lóðirnar eftir alla þessa útiveru "utanbæjarmanna" :) Hver veit?



AÐ GERA MINNA OG VERA MEIRA. LJÓSMYND: JEAN-MARC PLESSY

Að gera minna og vera meira

HARPA BARKARDÓTTIR

Það er stórmerkilegt að finna sig standa í miðri « fyrir & eftir » tímagátt í sögu mannkyns. Við finnum öll að ekkert verður samt eftir kófið. Spurningin er - hvernig viljum við hafa áhrif á það sem eftir kemur?

Í Helgafelli á Svalbarðsströnd er rekin ferðaskrifstofan Alkemia ehf. og Tímahylkið spyr; hvernig reiðir ykkur af og viljið þið segja okkur frá ykkar upplifun af þessum « veiruleika »?

Í fyrsta lagi er mikilvægt að átta sig á stóra samhenginu. Við erum meðal ríkustu þjóða heims og höfum upplifað ótrúlegt árferði og vöxt í ferðaþjónustu á Íslandi undanfarinn áratug. Vissulega stöndum við frammi fyrir skyndilegum og tilfinnanlegum tekjumissi - en við erum ekki þau sem verðum verst úti í þeirri

heimskreppu sem framundan er. Það eru fátækustu ríkin sem verða verst úti í alþjóðlega samhenginu - og þeir sem minnst mega sín á landsvísi sem mest munu finna fyrir samdrætti í almannaðjónustu.

Við erum heppin og okkur mun reiða ágætlega af þó á móti blási. En það er engu að síður mikilvægt að skoða hvernig við tökum þátt í að bregðast við ástandinu og velta fyrir okkur hvernig við viljum drepa niður fæti í næstu skrefum.

Alkemia er rekin með grænum og hægfara (e. « slow ») áherslum. Einkunnarorðin « **að gera minna og vera meira** » eru lýsandi fyrir starfseminu. Við kappkostum að hvetja ferðamenn til að ferðast sjaldnar og lengur í einu, staldra við og njóta betur. En þessi orð eru líka lýsandi fyrir veruleika margra í samkomubanni.

Að finna erilinn rjástlast burt úr daglegu lífi gefur færi á að skynja betur hvað skiptir okkur máli og við finnum fyrir stolti yfir því að standa saman þegar á reynir. Það eru mikilvæg gildi sem við leggjum rækt við þegar við stöndum vörð um viðkvæma hópa samfélagsins og heilbrigðisstarfseminu í landinu.

Leyfum því að hafa áhrif á næstu skref. Að gera minna og vera meira hefur ekki bara áhrif á eigin vellíðan, heldur þarf vistkerfi jarðar svo sárlega á því að halda að við hægjum á.

Við óskum ykkur ædruleysis á óvissutímum og hlökkum til samverunnar « hinu megin » við kófið!

Harpa & Jean-Marc í Helgafelli.

Í ÞESSU BLAÐI

ÞRAUTIR OG GÁTUR

LÉTT OG LEIKANDI FLÆÐI

HÁR Á TÍMUM COVID

Stígum bara ölduna

GÍGJA KJARTANSDÓTTIR KVAM

Coviðveiran er óvelkominn gestur, hún er lúmsk og uppþrengjandi og enginn vill fá hana í heimsókn. Við hjónakornin í Fossbrekku ákváðum að hleypa henni ekki hér innfyriðyr því hún er sérstaklega frek og aðgangshörð við fólk á okkar aldri. Höfum nú verið í sjálfskipaðri einangrun í 5 vikur og erum hér tvö ein með sjálfum okkur.

Það hefur verið afskaplega notalegt að hafa kallinn sinn heima, því hann er nefnilega líka duglegur í eldhúsinu. Bæði erum við rólegheita fólk sem kunnum afskaplega vel hvort við annað, enda búin að vera saman í bráðum hálfu öld í öllum veðrum og ágjöfum lífsins. Þá stígur maður bara ölduna þar til sólin skín á ný, því hún er jú alltaf á sínum stað.

Enginn vandi er að láta tímenn líða, kallinn á kafi í sínum tónlistarverkefnum og kellingin þrjónar eða hrærir fegrandi húðkrem og olíur úr jurtum sem var safnað í sumar. Það minnir á að nú fer að koma að kveðjustund því Urtasmiðjan þarf að fá nýja eigendur sem geta sinnt henni betur en ég get gert núna á gamals aldri.

Svo má ekki gleyma að gera liðkandi æfingar fyrir skrokkinn sem hættir til að stirðna í kyrrsetunni. Það þarf engum að leiðast í sóttkví.

Sendum sveitungum okkar bestu vorkveðjur.

Gígja og Roar í Fossbrekku.



Gígja í Urtasmiðjunni.



Roar á kafi í tónlistarverkefnum.

STAFARUGL

T	Ú	N	P	U	D	T	H	K
Á	Í	S	R	Ý	K	G	G	A
Ó	G	M	Ó	T	E	Í	R	S
E	S	Á	A	V	Á	A	Ð	N
I	G	R	Ó	H	J	T	N	K
Ð	M	A	S	F	Y	I	A	F
I	K	T	L	F	T	L	E	K
E	Ð	Ú	A	I	Ý	G	K	Ý
H	E	N	V	R	G	E	L	I

GÁTUR

Þessi 10 orð tengjast öll samfélaginu á Svalbarðsströnd, finnur þú þau í stafaruglinu?

TÍMAHYLKI **HEIÐI**
FJARA **TÚN**
KÝR **VALSÓ**
TÁTA **EGG**
VITINN **SMÁRATÚN**

1. Maður nokkur átti sex dætur og hver dætranna átti einn bróður. Hve mörg börn átti maðurinn?

2. Fóotalaus um flestar nætur en fæ þess oftast á daginn bætur. Hver er ég?

Svör birtast í næsta blaði.

Bæði sorgleg og skemmtileg

ARNEY ÓSK ARNARDÓTTIR

Dagbók 4. –14. apríl 2020

Þessa daga vorum við í páskafrí og það var skemmtilegt. Ég og Assa gistum hjá Ara og Hafrúnu. Við fórum í Wii fit sem er leikur til að komast í form og líka bara til að leika sér. Við kláruðum að mála næstum allt húsið og að leggja parket inn í öll herbergin. Einn daginn fórum við í heimsókn til Hafrúnar og Ara. Við ákváðum að fara í göngutúr til ömmu og við töluðum við hana úti á stétt sem var mjög skrítið. Við fórum líka að tala við Guddu úti. Við Assa fórum að grafa upp kar til að búa til pott sem tók svona tvo klukkutíma og þegar við vorum búnar þá kallaði mamma á okkur og þá var pabbi búinn að fara í vinnuna að ná í kar og búinn að láta renna í karið. Á páskadag komu Ari, Hafrún og Friðrik í mat og við horfðum á mynd sem var bæði sorgleg og skemmtileg.

Bestu páskafrí


KRISTÓFER ÖRN SIGURÐSSON NEMANDI

Dagbók 3. apríl 2020

Kæra dagbók
Það er 3. apríl 2020 og skólinn að enda og páskafrí að byrja, það verður í 10 daga.

Dagbók 14. Apríl 2020

Kæra dagbók
Það er kominn 14. apríl og allt fríð var gaman, ég fór út að leika mér og í tölvu, við fengum góðan mat. Úti var ég að bræða snjóinn, reyna að finna rétt prik til að leika með svo fann ég 16 prik og set 8 á móti 8 svo sterkasta prikið vinnur, þetta var gaman. Við fengum páskaegg og nammi og horfðum á mynd og ég var á netflix að horfa í tölvunni. Þetta voru bestu páskafrí.



Horft út fjörðinn í veðurblíðunni um páskana. Ljósmynd: Svala Einarsdóttir

Létt og leikandi flæði

NÍELS HAFSTEIN
SAFNASAFNIÐ



Stofnendur Safnasafnsins, Níels Hafstein og Magnhildur Sigurðardóttir, vinna jöfnum höndum að margs konar verkefnum frá því heimsóknum gesta lýkur seint í september og þangað til þeir koma aftur að vori. Á tíma Covid-veirunnar er eina breytingin sú

að formlegri opnun seinkar um mánuð, á þessu ári verður hún í samfloti með Listahátíð í Reykjavík, en allar sýningar sumarsins falla undir hana. Meðal verkefna sem unnið hefur verið að frá áramótum má nefna útgáfu á Sýnisbók safneignar IV, Kiko Korriro, stóra sýningu á verkum í safneign sem Listasafn Reykjanesbæjar fékk lánuð í tilefni af 25 ára afmæli Safnasafnsins, og unnið er að 11 nýjum sýningum hér nyrðra. Ákveðið var að búa til létt og leikandi flæði innan hvers rýmis og á milli hæða, setja fram litríka og fínlega hluti sem vekja upp áleitnar spurningar. Gróður leikur stórt hlutverk, umhverfismál, huldufólk, barnslegt hugarfar, kjarnar og innsæi, fagurfræði, textar og fornt letur, en undir niðri er ýmislegt óvænt á sveimi eða innan seilingar. Á sýningunum eru kynnt verk eftir um 140 höfundum til þess að flagga fjölbreytileika safneignarinnar. Á opnun í júní verða fluttir 2 gjörningar og farið með kvæði eftir Sölva Helgason í tilefni stórrar sýningar á verkum hans hér.



TÁTA TEKUR HLUTVERK SITT ALVARLEGA



Táta sveitarstjórátík sat ekki auðum höndum um páskana. Hún naut útiveru í góða veðrinu og lagði einn daginn leið sína niður í fjöru og á Hamarinn. Þar var fjöldi fólks að njóta útivistar, bæði gangandi og á kanóum. Táta þurfti auðvitað að heilsa uppá ræðara og fylgjast með framvindu mála.



Og svo var það allt gullið sem finna mátti við Hamarinn. Í veðurbálinu sem gekk yfir í desember skolaði reka á land og auðvitað þurfti Táta að skoða hvað hér var á ferðinni. Líklega má nýta drumbana til þess að búa til útibecki fyrir göngumenn sem heimsækja fjöruna.



Ljósmyndir: Björg Erlingsdóttir

Táta tekur hlutverk sitt sem sveitarstjórátík mjög alvarlega og þá er um að gera að nýta þær stundir sem gefast á góðviðrisdögum til þess að fylgjast með að allt sé eins og best verður á kosið. Á milli leiðangra um fjöru og fjöll er gott að slaka á í góðum félagsskap og þá er nú indælt að geta hvílt sig við hliðina á henni Kolku sem er enn ein sveitarstjórátíkin á heimili sveitarstjórans.

SUDOKU

Ef þú smellir á myndirnar, þá ferðu á vefsíðu til að leysa Sudoku þrautir á netinu.

	3		9	1	5		
		4	6				7
9	8		2				
	6	5		7	9	2	
				5	8		6
3		2	4	1	6		5
7				4			8
	9						1
4							3

	1	9				7	
		3			5	9	
		6	4				1
9	5						3
	3		5	2	1	9	4
			3	6	8		
			8				
				3			
4	8						2

Sjónvarp og sálumessur

MARGRÉT HEINREKSDÓTTIR

Síðla dags eins, haustið 2003, leiddi forsjónin mig út af Þjóðvegi 1, upp bratta brekku að litlu, gulu húsi í Vaðlaheiðinni, þar sem við blöstu í húminu undur fallegur bær, fjöll og fjörður svo unun var yfir að líta. Þar hef ég átt hreiður síðan og notið lífsins og þeirrar góðu aðstoðar sem samfélagið litla á Svalbarðsströndinni veitir öldruðum innan sinna vébanda. Það vil ég fá að þakka hér og nú, um leið og ég hlýði kalli eftir nokkrum orðum um hversu mér hefur vegnað þessar óvenjulegu vikur sem veiran vonda hefur vaðið yfir veröldina. Því er fljótsvarað með því, að litlar breytingar hafa orðið á högum mínum þar sem ég hef hvort eð er verið í hálfgerðri einangrun undanfarin ár, bundin hjólastól og öðrum háð um aðstoð við að komast ferða minna. Sem betur fer hef ég ætíð haft næg áhugaefni og afþreyingu við að vera, auk þeirra heimilisstarfa sem ég fæ við ráðið. Saknað hef ég þó heimsókna dætra minna og góðra vina en tækni nútímans er slík, að jafnan má ræða saman í síma og jafnvel sjást á tölvuskjám, næstum eins og heima væri, þó svo að ilmurinn af góðu kaffi berist ekki á milli. Þeir einu sem í hlað hafa rennt eru húshjálpin mín og hetjurnar sem ótrauðar hafa haldið opnum leiðum til mín milli þess sem Kári í sínum Jötunmóð lokaði þeim á ný. Enda þótt vorsólin sé óðum að bræða burt snjóinn verður hún líklega lengi að vinna á skaflinum sem hefur byrgt mér sýn úr borðstofunni minni allt frá jólum.



Hvernig mér leið um Páskana er spurt og því til að svara að þá ferðaðist ég vitaskuld ein innanhúss um húsið þvert og endilangt, átti fjarfundir með fjölskyldunni og undi mér þess í milli við lestur og hlustun, að áratuga páskavenju, á sálumessur sigildra tónskálda, horfði á gott sjónvarpsefni og hugsaði um lífið - og dauðann, hinn óhjákvæmilega fylginaut þess, manninn með ljáinn sem jafnan slær ótt og títt og hamast nú sem mest hann má. Hugur minn og hjarta eru hjá þeim sem þjáðir eru og syrgja, ekki síst konunum þrem í fjölskyldunni sem á Páskadag misstu son og maka af völdum krabbameins. Sá fjandi eirir engu fremur en endranær. Þær minntu mig á konurnar sem forðum daga horfðu upp á ástvin sinn krossfestan á hæðinni við Golgata. Hann skildi eftir sig kærleiksboðskap sem okkur virðist svo oft um megn að fylgja - en sjáum þó víða merki þessa dagana þar sem fjöldi fólks hættir eigin lífi við að verja aðra gegn heljarkrumlu veirunnar vondu, sem kennd er við kórónu.

Lífið í tónlistarstofunni

BRYNDÍS HAFÞÓRSDÓTTIR

Þegar ljóst var að samkomubann var yfirvofandi og ekki fleiri en 20 nemendur mættu vera saman í hóp, flutti 3. og 4. bekkur ásamt kennurum sínum Bryndísi Hafþórsdóttur og Hörpu Helgadóttur niður á neðri hæð Valsárskóla. Þetta var gert svo að hver hópur gæti átt sitt eigið svæði þannig að ekki yrði nein blöndun á nemendum eða kennurum. Þann 18. mars mættu nemendurnir í tónlistarstofuna og þótti allt mjög spennandi. Við mætum hérna á hverjum morgni um klukkan átta og við erum saman allan daginn til klukkan tólf en þá er skóladagurinn búinn. Tímarnir hjá okkur eru svolítið fljótandi vegna þess að búíð er að slökkva á skólalabjöllunni. Við fáum ávexti um kl. 9 en þeir koma í staðinn fyrir hafragrautinn sem hefur venjulega verið í boði. Þegar við förum út í frímínútur fer allur hópurinn saman, líka kennararnir, og við þurfum að passa að vera ekki nálægt öðrum hópum ef þeir eru úti. Þegar kominn

er matartími fáum við matinn sendan inn í stofuna til okkar og borðum hann þar. Þessi 12 manna hópur okkar hefur eitt klósett til umráða og einn vask þar sem við þvolum hendurnar nokkrum sinnum á dag og sækjum vatn til drykkjar. Við erum dugleg að þvo okkur og spritta. Við höfum 5 tölvur sem við skiptumst á að nota og sótthreinsum þær alltaf eftir notkun svo þær séu hreinar þegar þarf að nota þær aftur. Alla daga kl. 10:15 er boðið upp á fjarfund þar sem þeir nemendur sem komast ekki í skólann geta komið inn og tekið þátt í kennslustundinni eða bara fylgst með.



VEÐURBLÍÐUNNAR NOTIÐ

Þessar stúlkur voru að gefa öndunum brauð niðri við vita



Ljósmynd: Svala Einarsdóttir



Ljósmynd: Svala Einarsdóttir

Hvað gerist eftir Kófið?

STEFÁN TRYGGVA- OG SIGRÍÐARSON
HÓTEL NATUR

Það eru skrytnir tímar þessar vikunnar. Allt er á bið. Enginn veit hvernig framhaldið verður. Við vitum ekkert hvort við fáum einhverja gesti í sumar og verðum að búa okkur undir að verða tekjulaus jafnvel í heilt ár. En það er þó enginn heimsendir. Við fáum nautakjöt hjá Pétri nágranna okkar á Gautsstöðum, kannski Valtýr í Sunnuhlíð laumi að okkur einni og einni bröndu, nóg er af kartöflum í Grýtubakkahreppi, gulrófum á Hallgilsstöðum handan við heiðina, gulrótum á Ósi hinu megin við fjörðinn og inniræktuðu grænmeti í Brúnulaug framí firði. Auk þess sem Inga ætlar að rækta sjálf alveg helling sem endranær. Þá er nú stutt í egginn hjá Pétri í Græneggjum. Svo verður auðvitað nóg framboð í verslunum áfram. Þó eitthvað safnist upp af skuldum er það auðvitað smámál meðan fæðuframboð er nóg, aðgengi að heilbrigðisþjónustu tryggt og önnur kerfi þjóðfélagsins virka.

Mest er þó um vert að við getum áfram verið í góðu sambandi við fjölskylduna. Börnin okkar fimm (sem eru náttúrulega öll orðin fullorðin fólk) eru flogin úr hreiðrinu og búa hér og þar. Á þessari stundu vitum við ekkert hvenær Þórir Steinn sonur okkar og Ivalu tengdadóttir okkar komast heim frá Danmörku en við erum orðin mjög vön að nota Facetime til að heyra og sjá börnin og barnabörnin. En það verður líka enn yndislegra að knúsa þau þegar ferðatakmarkunum lýkur.

Ég er ekki verkefnalaus heima frekar en fyrri daginn. Hef verið að endurinnrétta 11 herbergi í staka húsinu sem einu sinni var vélaskemma. Inga er mjög dugleg að fara í göngutúra og svo lesum við mikið og horfum á sjónvarp (og erum ansi mikið í tölvunni.....uss, ekki segja frá).

Svo er bara spurningin hvort og hvernig hlutirnir verða eftir Kófið. Munum við hætta að ferðast jafn mikið og áður og kaupa meira af innlendri framleiðslu, einkum mat? Munu stórar samkomur einsog stórtónleikar súperstjarna leggjast af og jafnvel stórir íþróttaviðburðir og trúarsamkomur? Munu flutningar á matvælum, fatnaði, húsgögnum og mörgum öðrum vörum heimshorna á milli minnka? Vonandi, Jörðin okkar þarf á því að halda.



Ég horfi stundum á hlutina frá öðru sjónarhorni.



Hár á tímum Covid

ÞÓRA SIGRÍÐUR TORFADÓTTIR
HÁRSNYRTIR

Ert þú með hárljótuna? Get svo svarið það, ég held bara allur heimurinn líka. Eftir að hert samkomubann var sett á þann 24. mars 2020, lokuðu allar hársnyrtistofur á landinu. Ekki er hægt að vinna heima í þessu fagi og ómögulegt að halda 2 m fjarlægð við viðskiptavini.

Ég vinn á Medullu hársnyrtistofu. Við höfum brugðið á það ráð að hafa opið fyrir viðskiptavini einstaka sinnum fyrir vörukaup og gjafabréf fyrir þjónustu. Það er eina mögulega innkoman fyrir hársnyrtistofur þessa dagana. Þrátt fyrir rót, slitna enda og lubba út um allt er svo margt annað sem hægt er að gera fyrir hárið án þess þó að hlaupa út í búð að kaupa sér eitthvað slys (lit) í hárið, sem fer ekki vel með hárið og tekur oft langan tíma að laga eftir þær hamfarir.

Til eru rótarlitunarsprey og litanæringar svo fátt eitt sé nefnt. En mér finnst öllu máli skipta að fólk næri vel á sér hárið á þessum tímum sem og öðrum. Nú erum við að ganga í gegnum miklar veðurbreytingar sem hafa misgóð áhrif á hárið og það verður þurr, úfið eða rafmagnað. Mig langar að deila með ykkur aðeins 5 skrefum hvernig þú getur dekrað við hárið á þér, því best er að hugsa um hárið eins og húðina sína:

1. Þvo hárið með sjampói tvisvar sinnum. Alls ekki nota of mikið sjampó. Gott er að miða við 10 krónu pening af efni og alltaf minna af sjampói í seinna skiptið.

2. Blandið saman einn hluta af eplaediki á móti 4 hlutum af vatni. Hellið yfir rótina og látið bíða í um 3 mín. Þetta er gamalt húsráð sem mér finnst ótrúlega gott leyndarmál, sérstaklega ef maður er með pirring eða önnur vandamál í hársverði. Mæli með að gera þetta svona 2 - 4 sinnum í mánuði. Skolið úr.

3. Þurrkið hárið með handklæði, setjið svo einhverja góða rakagefandi djúpnæringu/maska, passa að setja næringuna ekki ofan í rótina. Ef hárið er mjög þurr er gott að setja eins og 1 - 3 dropa af uppáhalds hárolfunni þinni úti og látið bíða í um 15 - 30 mín. Gott er að nýta tímann og setja kannski á sig andlitsmaska eða horfa á eins og eina góða ræmu. Skolið úr.

4. Setjið léttu næringu yfir eftir á og skolið um 60-70% úr hárinu, þetta er mjög mikilvægt. Ef næring er skoluð of mikið úr verður hárið hart viðkomu og stíft. Þetta er þessi fína lína, hárið á enn að vera mjúkt en samt þarf að skola mesta efnið úr. Hárið má ekki verða hart. Næringin er til að loka hárinu og halda áfram að næra og vernda hárið eftir sturtu.

• Einn til tvo dropa af olíu/serum í endana, já við byrjum alltaf á því að bera í endana svo fikrum við okkur nær rötinni. Aldrei setja efni beint í rótina nema rótarlyftingarefni. Ég mæli hiklaust með að nota leave-in næringu líka og þess vegna prótein vökva til að styrkja hárið. Þetta er mín heilaga þrenning eftir hverja sturtu allan ársins hring. Eftir þetta er hægt að setja hvaða efni sem er t.d. hitavörn ef á að þurrka eða slétta hárið eftir meðferðina.

Vona að þið njótið, nærið og prófið.

Villuráfandi sauður

DÝRLEIF SKJÓLDAL

Úr leikskólanum er það helst að fréttu að tekinn er til starfa nýr skólastjóri og tveir nýir starfsmenn. Leikskólastjórinn er meira eins og villuráfandi sauður þar sem engin er skrifstofan fyrir hana, engin tölva og bannað að fara milli deilda:) Hún ber sig nú vel og til að mæta þessu þarf að endurskipuleggja skólann. Það er hennar verkefni nú. Í næstu viku byrja svo starfsmannaviðtöl hjá henni. Börnin hafa það gott og allir eru endurnærðir eftir gott páskafrí og voru allir tilbúnir til að mæta aftur í leikskólann sinn. Börnin taka þessu orðið eins og sjálfsgöðum hlut og ég held að styttri skóli eigi líka sinn þátt í því að þau er glöð og kát og virðast ekki taka þessa veiru neitt nærri sér. Kannski er það meiri samvera með foreldrum sínum sem gerir þau rólegri, kannski er það eitthvað annað, hver veit. Dilla

Kórónuveiran Konni

ÁRNI KRISTJÁNSSON 4 ÁRA

Einu sinni var kórónuveira. Kórónuveiran hét Konni. Hann var með 8 hendur, 7 fætur, hár á hausnum, 8 augu, mjög mörg nef og fullt af beittum göddum. Konna fannst mjög gaman að leika sér úti en Konni lék sér alltaf einn. Hann var hættulegur því hann var með gadda á sér og gerði aðra veika. Einn daginn fór Konni í ferðalag og heimsótti Svalbarðsströnd. Hann fór út á sjó og rölti svo um Svalbarðseyri. Allir krakkarnir á Svalbarðseyri voru svo spennt að hitta þennan nýja skrytna Konna sem var allur í göddum að þau fóru öll til hans og knúsuðu hann. Konna fannst það ekki sniðugt og varð reiður. Hann skipaði öllum krökkunum að fara á stól og gerði þau öll veik!

Krökkunum fannst þetta ekki fallega gert og urðu mjög reið. Þau hlupu að Konna og kýldu hann fast, hann hljóp í burtu skælandi.

Krakkarnir fóru öll til læknis en læknirinn gat ekki gert neitt fyrir þau. Hann sagði þeim að fara heim og fá sér nammi. Þau fóru því heim og fengu sér nammistöng og urðu öll frísk.



Teikning eftir Eypór Kristjánsson 10 ár

TÍMAHYLKIÐ Í TÍÐ KÓRÓNUNNAR



SVALBARÐSSTRÖND

“Hver dagur krefst hugrekkis á einn eða annan hátt.”

Innlegg sendist á anna.heidur@svalbardsstrond.is